

AUGLÝSING
um breytingu á gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit
í Reykjavík, nr.1025/2010.

1. gr.

Heiti gjaldskrárinnar verði svohljóðandi:
Gjaldskrá fyrir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

2. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar verði svohljóðandi:
Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, skal borgarstjórn Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, með heimild í 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 4. júlí 2011.

Jón Gnarr.

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2011